

Kirkjuþing 2021-2022

19. mál – þskj. 19

T I L L A G A

að starfsreglum um vígslubiskupa.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af biskupi Íslands.

Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir.

1. gr.

Biskupsdæmi Íslands skiptist í tvö vígslubiskupsumdæmi, Skálholtsumdæmi og Hólaumdæmi.

Umdæmi vígslubiskups í Skálholti nær yfir eftirtalin prófastsdæmi:

Suðurprófastsdæmi.

Kjalarnessprófastsdæmi.

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Vesturlandsprófastsdæmi.

Vestfjarðaprófastsdæmi.

Umdæmi vígslubiskups á Hólum nær yfir eftirtalin prófastsdæmi:

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Austurlandsprófastsdæmi.

2. gr.

Vígslubiskupar starfa í umboði biskups Íslands og eftir þeirri kirkjulegu skipan sem segir í lögum og samþykktum kirkjuþings.

Vígslubiskup veitir andlega leiðsögn og tilsjón innan kirkjunnar í umdæmi sínu, eflir kirkjulíf, vísiterar söfnuði og annast sáttaumleitanir.

3. gr.

Vígslubiskup sá, sem eldri er að biskupsvígslu, er staðgengill biskups Íslands í forföllum og leyfum biskups. Vígslubiskup, sem yngri er að biskupsvígslu, er annar staðgengill.

4. gr.

Vígslubiskupi ber að starfrækja starf sitt á grundvelli fjárhagsáætlunar kirkjuþings.

5. gr.

Vígslubiskupar bera ábyrgð á uppbyggingu biskupsstólanna eftir því umboði sem kirkjuþing veitir. Þeir eru kirkjuþingi til stuðnings og samráðs í málefnum biskupsstólanna svo og öðrum kirkjulegum stjórnvöldum og koma fram í nafni staðanna og umdæmanna eftir því sem við á.

Vígslubiskupar bera ábyrgð á helgihaldi dómkirkna sinna í samráði við viðkomandi sóknarprest.

Vígslubiskup í Skálholti er formaður áheitasjóðs Þorláks helga og formaður Þingavallakirkjunefndar. Hann starfar með stjórn Skálholts og stjórn Skálholtsfélagsins nýja, Verndarsjóði Skálholtsdómkirkju, stjórn Sumartónleika í Skálholti og öðrum aðilum sem starfa í Skálholti.

Vígslubiskup á Hólum er formaður Hólanefndar, sem ber ábyrgð á Hóladómkirkju og Auðunarstofu. Hann er formaður stjórnar Guðbrandsstofnunar sem er samstarfsvettvangur þjóðkirkjunnar, Háskólans á Hólum og Háskóla Íslands um menningarstarfsemi á Hólum.

6. gr.

Vígslubiskup á sæti í ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni.

Vígslubiskup situr biskupafund sem biskup Íslands kallar til skv. starfsreglum um biskupafund.

Vígslubiskup situr almenna prestastefnu.

Vígslubiskup situr kirkjuþing með málfrelsi og tillögurétt.

Vígslubiskup situr prófastafund sem biskup Íslands boðar.

Vígslubiskup situr fundi nefnda og ráða á vegum kirkjuþings þegar málefni viðkomandi biskupsstóls eða embættis eru rædd.

Vígslubiskup skal sitja héraðsfundi í umdæmi sínu sem prófastur boðar til.

7. gr.

Vígslubiskup skal annast sáttaumleitanir í umdæmi sínu þegar trúnaðarmönnum eða starfsmönnum kirkjunnar, launuðum jafnt og ólaunuðum, vígðum jafnt og leikum, hefur ekki tekist að jafna ágreining sín á milli og sættir hafa ekki tekist í meðförum prófasts eða hann sagt sig frá málinu. Honum er heimilt að kalla til aðstoðar fagfólk á sviði sem ágreiningsmál varðar.

Vígslubiskup skilar biskupi Íslands álitni að sáttaumleitan lokinni.

8. gr.

Vígslubiskupar skulu hvor um sig hafa fasta búsetu í umdæmum sínum á hinum fornu stólum í Skálholti í Biskupstungum og á Hólum í Hjaltadal.

9. gr.

Vígslubiskup veitir úrlausn í málum sem prófastar vísa til hans.

10. gr.

Vígslubiskup er biskupi Íslands til aðstoðar um kirkjuleg málefni. Hann annast biskupsverk að ósk biskups Íslands og í umboði hans, svo sem að vígja presta, djákna, kirkjur og kapellur.

Vígslubiskup hefur í umboði biskups Íslands tilsjón með að stefnumörkun kirkjunnar sé framfylgt hvað varðar helgihald, boðun, fræðslu og kærleikspjónustu kirkjunnar í umdæmi sínu.

Vígslubiskup hefur tilsjón með starfsmannahaldi einkum hvað varðar handleiðslu, símenntun og sálgæslu presta og starfsmanna kirkjunnar í umdæminu og beitir sér í þeim efnum ef tilefni er til.

11. gr.

Vígslubiskup vísitarar prestaköll og söfnuði í umdæmi sínu eftir áætlun biskupafundar. Vísitasía vígslubiskups beinist einkum að innri þáttum kirkjulífs, hinni vígðu þjónustu, helgihaldi, boðun, sálgæslu og safnaðarstarfi.

12. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, taka gildi 1. janúar 2022. Jafnframt falla úr gildi starfsreglur um vígslubiskupa nr. 968/2006, með síðari breytingum.

Greinargerð.

Með brottfalli laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, féllu brott ákvæði um vígslubiskupa og stöðu þeirra í skipulagi kirkjunnar. Núgildandi starfsreglur um vígslubiskupa sem settar voru með heimild í þeim lögum munu því falla úr gildi 31. desember 2021.

Alþingi samþykkti 13. júní sl. ný lög um þjóðkirkjuna, nr. 77/2021. Við afgreiðslu og samþykkt frumvarpsins að þessum nýju lögum um þjóðkirkjuna á kirkjuþingi var gengið út frá því að kirkjuþing samþykkt nýjar starfsreglur um allt það sem féll brott við brottfall laga, nr. 78/1997 og samþykkt yrði á kirkjuþingi að stæði áfram sem hluti af skipan, stjórn og starfsháttum þjóðkirkjunnar með heimild í hinum nýju lögum. Kom það nokkuð skýrt fram í umræðum um frumvarpið á kirkjuþingi.

Í ljósi þess hafa þessar tillögur verið unnar og lagðar nú fram sem tillögur að nýjum starfsreglum um vígslubiskupa til samþykktar á kirkjuþingi 2021 og lagt til að þær taki gildi 1. janúar 2022.

Talsverðar breytingar hafa orðið á þjónustu vígslubiskupa allra síðustu árin. Þróun á staðgengilshlutverki þeirra gagnvart stjórnsýsluákvörðunum biskups Íslands og reglur stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi hefur orðið til þess að meira reynir á afleysingu vígslubiskupa til ákveðinna verkefna sem biskup kys að fela þeim.

Hér er gengið út frá því að kirkjan vilji áfram starfa í anda stjórnsýslulaga sem gilda í landinu sem lög frá Alþingi þótt kirkjunni sé það hugsanlega ekki skylt. Staða biskups Íslands hefur breyst mjög mikið sem æðsta yfirmanns kirkjunnar eftir að aðskilnaður ríkis og kirkju hefur verið staðfestur enn frekar í lögum frá Alþingi og kirkjan er orðin sjálfstæðari stofnun en áður var. Það kallar á formlegri samráðsvettvang biskupana þriggja sem að hluta til gegna biskupsþjónustu sem einn maður þótt stærsti hluti starfa þeirra byggir á því að þeir gegna sjálfstæðum embættum og verkefnum á kirkjulegum vettvangi. Þetta hefur verið hröð þróun og má telja nauðsynlegt að búa þessu aukna samráði, sameiginlega forystuhlutverki og afleysingum við biskup Íslands fastara form en verið hefur.

Í þessum tillögum er reynt að koma til móts við þetta nýja umhverfi en um leið er kirkjuþingi ætlað að vinna að breytingum á nýjum starfsreglum um vígslubiskupa eftir því sem skipulag kirkjunnar þróast. Það liggur ekki fyrir núna hvernig það muni þróast en nauðsynlegt er að búa embætti og þjónustu vígslubiskupa formlega umgjörð í ljósi þess skipulags sem núna er í gildi og byggja um leið á því sem verið hefur í gildi um störf þeirra.

Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Ísland er eitt biskupsdæmi sem skiptist í tvö umdæmi vígslubiskupa. Stærð og skipting umdæma er óbreytt frá gildandi ákvæðum og frá því sem áður stóð í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.

Um 2. gr.

Greinin er óbreytt frá nógildandi starfsreglum.

Um 3. gr.

Hér er átt við afleysingu í leyfum biskups Íslands og að jafnaði við önnur þau störf sem koma á borð biskups og hann felur vígslubiskupum. Að jafnaði gegnir sá vígslubiskup, sem eldri er að biskupsvígslu, þessu hlutverki nema annað hamli en þá er það sá vígslubiskup sem yngri er að biskupsvígslu sem teljast verður annar staðgengill.

Um 4. gr.

Óbreytt ákvæði og í samræmi við stöðu kirkjuþings sem æðsta fjárstjórnarvalds þjóðkirkjunnar.

Um 5. gr.

Hér er um óbreytt hlutverk vígslubiskupa hvað varðar fyrstu fjórar málsgreinar þessa ákvæðis. Talið er þarft að nefna nokkrar af stofnunum sem tengjast hvorum stólnum um sig og þar sem viðkomandi vígslubiskup hefur ákveðinni stöðu að gegna sem hluta af embætti sínu, ex officio. Leitast er við að nefna þau hlutverk sem honum er ætlað að gegna samkvæmt öðrum samþykktum og skipulagi kirkjunnar. Þessi knappa upptalning er ekki tæmandi en er hluti þessarar greinar í tillögunni þar sem byggt er á því sem segir í greininni um ábyrgð, umboð og forsvar sem vígslubiskupar gangast undir hvor á sínum stóli.

Með því að telja það upp hér er jafnframt verið að áskilja það starf sem hluta af embætti viðkomandi vígslubiskups sem ekki er greitt fyrir sérstaklega.

Rétt er að vekja athygli á því að við brottfall laga um Skálholtsskóla og skólaráð vorið 2021 getur kirkjuþing þurft að taka ákvörðun um framtíðarskipan skólaráðs eða hvort það verður lagt niður í ljósi þess að ekki hafa enn verið settar starfreglur um Skálholt samanber tillögur þær sem fyrir kirkjuþingi liggja. Einnig væri þarft að líta til aukins hlutverks og sjálfstæðis sem fært hefur verið til stjórnar Skálholts. Skólaráðs er því ekki getið hér en það hefur verið hlutverk vígslubiskups í Skálholti að kalla það saman í fyrsta sinn eftir að það hefur verið skipað og starfa með skólaráði á fundum þess og vinna með skólaráði að þeim verkefnum sem af því leiðir.

Með ákvæðinu um ábyrgð á helgihaldi viðkomandi dómkirkju er reiknað með því að vígslubiskup annist einnig um valda þætti af þeirri messuskyldu, tíðasöng, kyrrðardaga og annað helgihaldi í samráði og samstarfi við dómkirkjuprest, organista, kór og aðra sem að helgihaldinu koma.

Ekki er talið þörf á því að nefna sértaklega tvær merkar hátíðir, Skálholtshátíð og Hólahátíð sem vígslubiskupar annast hvor á sínum stað, kalla saman og bera fulla ábyrgð á. Er látið duga að minna á það hér í athugasemdum. Talið er mikilvægt að það komi fram í þessari grein að vígslubiskup ber, í samráði við sóknarprest, ábyrgð á öllu því sem fram má fara í dómkirkjunni og í nafni hennar en einnig á öllu því sem fram fer í nafni viðkomandi staðar eftir samráði allra hlutaðeigandi aðila.

Um 6. gr.

Hér erum óbreytt hlutverk að ræða. Þó er talið rétt að breyta orðalagi sem áður átti aðeins við um fundi kirkjuráðs. Sú skipan hefur verið í gildi að vígslubiskup skuli sitja kirkjuráðsfundi þegar málefni viðkomandi staðar er til umfjöllunar. Nú hefur það breyst. Hér er því verið að tryggja með nokkuð almennari hætti að vígslubiskup verði kallaður til samráðs þar sem málefni staðanna er til umfjöllunar og ákvörðunar og ætla má að fallið gæti undir forsvar og ábyrgð vígslubiskups. Markmið með þessari breytingu er að auka skilvirkni og koma í veg fyrir misskilning eða tvíverknað innan kirkjunnar í samræmi við góða stjórnslu, upplýsingu og skipan. Ekki þarf að taka fram að þetta ákvæði getur ekki átt við um afgreiðslu umsókna eða úthlutana fjármuna til Skálholts úr sjóðum kirkjunnar enda fara þær eftir umsóknarferli og afgreiðslu sem áskilið er í öðrum samþykktum kirkjuþings.

Um 7. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá núgildandi starfsreglum.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um að vígslubiskupar skuli hafa fasta búsetu í umdæmum sínum í Skálholti í Biskupstungum og á Hólum í Hjaltadal. Þykir rétt að leggja áherslu á að þeir sitji á hinum fornu biskupsstólum. Með fastri búsetu er átt við lögheimili, sbr. 2. gr. laga um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018, með síðari breytingum.

Um 9.-11. gr.

Ákvæðin eru óbreytt frá núgildandi starfreglum.

Um 12. gr.

Ákvæðið skýrir sig sjálft þar sem nýjar starfsreglur þurfa að vera settar með heimild í nýjum lögum.